



Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið  
Skúlagötu 4  
101 Reykjavík

Reykjavík 6. nóvember 2019

**Umsögn Félags íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) um drög að reglugerð um raforkuviðskipti og mælingar. Mál nr. 213/2019. Orkumál og neytendamál.**

Erlendar rannsóknir hafa leitt í ljós að flest gögn sem verða til við notkun ökutækja þarf að meðhöndla sem persónuupplýsingar. Á meðan persónuverndarlöggjöf er ætlað að auka réttindi notenda getur hún ekki komið í stað löggjafar um tækni og samkeppni til að tryggja frjálst val og nýsköpun.

Að mati FÍB eiga hleðslustöðvar þjónustuveitenda að vera aðgengilegar öllum almennum notendum óháð þjónustusamningum. Það þarf að tryggja þann rétt neytenda að greiða fyrir raforkukaup á hleðslustöð án þess að þurfa að skrá persónuupplýsingar. Það er sjálfsagt val hvers og eins neytanda hversu miklar persónuupplýsingar þ.m.t. upplýsingar um neysluhegðun eru gefnar þriðja aðila.

Þessi réttur kemur m.a. fram í reglugerð 2014/94/ES (DIRECTIVE 2014/94/EU). Þar segir í kafla 4, sem fjallar um útvegum orku í samgöngugeiranum, lið 9:

*All recharging points accessible to the public shall also provide for the possibility for electric vehicle users to recharge on an ad hoc basis without entering into a contract with the electricity supplier or operator concerned*

Á öllum hleðslustöðvum sem eru aðgengilegar almenningi á að bjóða rafbílanotendum upp á þann valkost að hlaða á staðnum án samnings sambands við sölufyrirtæki eða þjónustuveitanda.

FÍB telur rétt að þessi framkvæmd sé tryggð með óyggjandi hætti. Til að mæta þessu þarf m.a. að breyta 8. grein draga að reglugerð um raforkuviðskipti og mælingar.

F.h. Félags íslenskra bifreiðaeigenda

Runólfur Ólafsson  
framkvæmdastjóri

